

## FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2000-03

Fundartími: Föstudagur 8. september 2000 kl. 13:00

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Störf raforkuhóps.
2. Raforkunotkun fyrri helmingi ársins 2000.
3. Ný raforkulög og notkunarflokkar raforku.
4. Störf jarðvarmahóps.
5. Störf eldsneytishóps.
6. Almennar forsendur orkuspáa, mannfjöldaþróun.
7. Skipan Orkuspárnefndar.
8. Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason  
Jón Rúnar Sveinsson  
Eiríkur Bogason

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

1. Jv dreifði einu blaði um störf raforkuhóps sem hefur haldið einn fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að endurreikningi á raforkuspánni og húshitunarspánni og hefur bráðabirgðaniðurstaða verið

send Landsvirkjun vegna áætlana um rekstur vetrarins. Endurreikningnum verður lokið þegar þjóðhagsáætlun liggur fyrir. Rætt hefur verið um að fjalla á næsta ári sérstaklega um áhrif skipulagsbreytinga á starfið í hópnum.

- JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 8,6% á fyrri hluta ársins. Flutningstöp hafa minnkað um 4,9% og eigin notkun Landsvirkjunar aukist um 32,8%. Allt bendir til þess að villa sé í gögnum Landsvirkjunar varðandi eigin notkun og töp í júní þar sem um 5 GWh virðast hafa færst frá töpum yfir í eigin notkun. Einnig vex eigin notkunin þetta mikið vegna þess að mæling hafði fallið niður á notkun í Kröflu á fyrsta ársfjórðungi 1999. Stórnotkun vex um 10,5% og almenn notkun með eigin notkun Landsvirkjunar vex um 6,7%. Aukningin er mikil í ótryggðu orkunni eða 19,1% en 5,1% í forgangsorkunni. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en 2. ársfjórðungur var heldur kaldari á þessu ári en árið 1999 eða 5,8°C í stað 6,1°C en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 0,1°C í stað -0,7°C. Einnig kemur til leiðrétting vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun forgangsorku eykst um 4,8% á fyrri helmingi ársins. JV sagði að þetta væri meiri aukning en við höfum séð undanfarin ár og góðarið greinilega að skila sér í mikilli notkun.
- JV sagðist hafa skoðað drög að raforkulögum til að athuga hvort þar væri krafa um afhendingu á gögnum um notkun eins og rætt var um á síðasta fundi. Hann sagði að einungis væri krafa um skil á gögnum gagnvart raforkuvinnslunni en ekki í sölunni. Nefndin telur að tryggja þurfi að þetta komi fram í raforkulögum og einnig að hugað sé að hvar þetta starf verði vistað í kjölfar skipulagsbreytinga.

JV sagðist hafa skoðað atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands í kjölfar umræðu á síðasta fundi. Hann dreifði töflum þar sem borin er saman þessi flokkun og notkunarflokkar raforku. Hann sagði að atvinnugreinaflokkunin væri miklu ítarlegri og að ekki væri fullt samræmi þarna á milli. Hann taldi ekki ástæðu til að samræma notkunarflokkana við atvinnugreinaflokkunina þar sem slíkt væri mikið mál þar sem breyta þyrfti þá merkingu á öllum notkunarmælum á landinu. Hann sagði að bæta mætti við nýjum flokkum ef þörf væri talin á því og nota mætti vörpun ef þörf væri á að taka notkunina saman á annan veg en nú sem væri nær atvinnugreinaflokkuninni.

- ÁR dreifði einu blaði um starf jarðvarmahóps. Hann sagði að enginn fundur hefði verið haldinn í hópnum frá því nefndin kom síðast saman. Nýlokið er árlegri gagnasöfnun hjá hitaveitum og dreifði hann töflum með upplýsingum um hitaveitur í Samorku. Engar stórvægilegar breytingar eru á töflunum en notkunin hefur aukist um 3-4% frá fyrra ári. Hann sagði að fá þyrfti veiturnar til að skila þessum gögnum fyrr og til að vanda sig betur við þessa samantekt. Í sumar hefur verið unnið við gagnasöfnun um jarðhitanothitun í fiskeldi og við snjóbræðslu til undirbúning nýrrar jarðvarmaspár. Í haust verður þessari vinnu haldið áfram og unnið að öðrum þáttum í jarðvarmaspá. ÞH spurði hvenær ný jarðvarmaspá væri væntanleg og nefndi ÁR næstu áramót.
- JV sagði að enginn fundur hefði verið í eldsneytishópnum frá síðasta fundi en fundur yrði í næstu viku. Hann dreifði töflum yfir eldsneytisnotkun árin 1983-

1999 og sagði að gögn fyrir síðasta ár hefðu verið tilbúin í júní og hefðu þau verið settar á heimasíðu nefndarinnar. JV sagði einnig að vinna við eldsneytisspána væri komin af stað. Fyrir lægi uppkast að efnisyfirliti og kafla um eldsneytisnotkun og verð og verið væri að vinna í forsendum spárinnar.

6. JV sagði að almennar forsendur orkuspánna hefðu verið uppfærðar með þeim gögnum sem lögju nú fyrir en ekki yrði gengið frá þeim fyrr en Þjóðhagsáætlun liggur fyrir um næstu mánaðarmót. Ekki er komin nein ný Atvinnuvegaskýrsla frá Þjóðhagsstofnun og því hefur ekki verið hægt að setja inn nýjar framleiðslutölur fyrir iðnað né þjónustu. Hann sagði að það væri mjög bagalegt hve seint þessar upplýsingar kæmu frá Þjóðhagsstofnun en nýjasta skýrslan er fyrir árið 1996. Hann sagði einnig að nefndin þyrfti að fara yfir fólksfjöldaþróun fyrir einstaka landshluta en mikil umræða hefði verið um flutninga hér innanlands að undanfögnu. Hann dreifði myndum sem sýna þróun undanfarinna 5 ára og forsendur spárinnar fyrir næstu ár auk dæma um aðra þróun. Ákveðið var að breyta þróuninni fyrir Vestfirði þannig að sama þróun verði á kjarnasvæðinu þar og á öðrum svæðum sem leiðir af sér minni fólksfjölda en nú er miðað við. Á Norðurlandi var ákveðið að miða við að fólksfjöldi stæði í stað á kjarnasvæðinu þar í stað fjölgunar.
7. JV sagði að Rán Jónsdóttir kæmi í stað Edvards Guðnasonar í raforkuhóp. Þar sem Júlíus Jónsson kæmi nú í Orkuspárnefnd væri spurning hvort Hitaveita Suðurnesja mundi skipa annan fulltrúa í raforkuhópinn.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 10. nóvember kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 8. september 2000. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

Raforkunotkun 2000, fyrri helmingur ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)

Samanburður á íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT95, og notkunarflokkum raforku. (JV)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 8. september 2000." (ÁR)

"Upplýsingar um hitaveitur í Samorku 1999". (ÁR)

Töflur um eldsneytisnotkun 1983-1999. (JV)

Myndir um mannfjöldaþróun eftir landshlutum. (JV)